

6 **Hin syngjandi stétt**

Birtingarmynd verkalyðsbaráttu í dægurtónlist undanfarinna áratuga frá Woody Guthrie til Bubba Morthens.

8 **Hagkerfi án kreppu**

Skyggnst inn í hagkerfi EVE-online sem stendur óhaggað þrátt fyrir efnahagslegar kollsteypur allt um kring.

10 **Úr vörn í sókn**

Leikur fólksins - knattspyrman og verkalyðshreyfingin uxu úr grasi hlið við hlið og hafa verið samferða í meira en 100 ár.



1. tölublað • 58. árgangur • Vor 2009

# VINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



## Fórum fram af brúninni á fullri ferð

Guðmundur Gunnarsson og Eva María  
ræða fall og upprisu Íslands

# Hefurðu fast land undir fótum þegar á reynir?



## Sjúkrasjóður VR veitir öryggi í veikindum

Félagsmenn VR eru ekki einir á báti í langvarandi veikindum. Sjúkrasjóður VR er þér stoð og stytta á erfiðum tímum.

Kynntu þér réttindi þín á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Ávarp Gylfa Arnbjörnssonar forseta ASÍ:

## Byggjum réttlátt þjóðfélag

Ég vil byrja á því að óska launafólki um allt land innilega til hamingju með daginn. Á þessum degi, baráttudegi verkafólks 1. maí, kristallast meira en hundruð ára barátta launafólks fyrir bættum réttindum og kjörum. Það er okkur hollt á þessum tímamótum að minnst þeirra fórná sem launafólk hefur fært og þess mikla árangurs sem náðst hefur með starfi verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar það eru erfiðir tímar og atvinnuþref. Það er fátt líkt með þeim kjörum, réttindum og aðbúnaði sem launafólk býr við hér á landi í dag og bara fyrir nokkrum áratugum. Hvað þá ef við minnumst ástandsins sem var fyrir rúmri öld þegar íslensk verkalýðshreyfing var að stíga sín bernskuspor.

Íslensk þjóð hefur á undanfönum mánuðum upplifað miklar efnahagslegar hamfarir. Það er óþarfi að rifja þau ósköp upp en sjálfsgagt að minna á að Alþýðusambandið varaði við því að efnahagsstefna stjórnvalda og Seðlabanka undanfarin ár myndi leiða til kollsteypu með mikilli verðbólgu og vaxandi atvinnuleysi. Við vörðum einnig við því að óraunhæfar

skattalækkunar á miklum penslutímum myndu ýta undir verðbólgu og bitna síðan á velferðarkerfinu. Á þessi og fleiri viðvörunarorð okkar hlustuðu stjórnvöld ekki. Fyrri ríkisstjórnir og eftirlitsstofnanir litu einnig undan þegar viðvörunarljós tóku að blikka vegna þróunar í efnahags- og fjármálagjöf landsins. Dansinn var hraður, það var of gaman í partýinu hjá þeim sem nutu. Það mátti ekki spilla gleðinni. Afleiðingarnar eru skelfilegar fyrir íslenska þjóð. Það er nauðsynlegt að þeir aðilar sæti ábyrgð sem réðu ferðinni. Það er mikilvægur hluti af bataferlinu, svo þjóðin geti reist sig við.

Hvernig samfélag viljum við byggja upp? Mikilvægasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar nú er annars vegar að tryggja afkomu þeirra sem hafa misst vinnuna með því að stuðla að fjölgun starfa og uppbyggingu atvinnulífsins og hins vegar að sporna gegn því að efnahagsþrengingarnar auki á ójöfnuð, félagslega einangrun og takmarki réttindi launafólks á vinnumarkaði.

Við viljum byggja upp réttlátt þjóðfélag. Staðreyndir sýna að norræn samfélög sem byggja á velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar skapa íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði meðal þjóða heims. Samfélög sem byggja á öflugum og virku velferðarkerfi, góðri menntun fyrir alla, jöfnuði og jafnrétti og traustum réttindum launafólks er sá grunnur sem byggja þarf á til að takast á við og nýta þau tækifæri sem hnattvæðingin gefur.

Að sama skapi verðum við að horfast í augu við að öflugt velferðarsamfélag verður aðeins reist á trúverðugum efnahagslegum stöðugleika. Þann stöðugleika sem okkur vantar svo sérlega núna höfum við Íslendingar einstætt tækifæri til að ná með því að ganga til viðræðna við Evrópusambandið um

aðild. Þjóðin verður að fá að svara því hvort hún vill taka þetta skref eða ekki. Tíminn er núna, ekki seinna. Stjórnmalameinn og hagsmunaaðilar hafa lengi þráttað um hvað aðildarsamningur við ESB muni fela í sér, hvað tapist og hvað ávinnist. Það má halda slíkum þrætum áfram endalaust. Svárið fæst einfaldlega ekki fyrr en gengið er til formlegra aðildarviðræðna. Þó er strax ljóst að aðild mun gagnast íslenskum fjölskyldum á ýmsan hátt eins og með lækun matarverðs, lægri vöxtum, lægri verðbólgu og stöðugu gengi. Auðvitað verðum við að setja fram vandlega skilgreind samningsmarkmið í mikilvægum málaflokkum eins og sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Jafnvel skilyrði og sjá hvað okkur stendur til boða.

Þó dýpt okkar vanda í efnahagsmálum megi að miklu leyti rekja til alvarlegra mistaka í hagstjórn hér undanfarin ár, er ljóst að á alþjóðavettvangi eru afleiðingar fjármálakreppunnar þegar orðnar alvarlegar. Í desember spáði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að hagkerfi heimsins myndi vaxa um 2,4% á árinu 2009 og þá var talið að um 50 milljónir starfa myndu glatast en þessar horfur hafa versnað síðan. Alþjóðasamtök verkalýðsfélaga telja að yfirstandandi kreppa muni ýta á bilinu 100-200 milljónum launamanna í aukna fátækt og erfiðleika.

Þrátt fyrir efnahagsþrengingarnar býr í þjóðinni mikill kraftur, þrek og þor. Ég er sannfærður um að ef rétt er haldið á spilunum getum við risið hratt upp aftur sterkari en nokkru sinni fyrr. Það gerum við með því að ganga í samfélag þeirra þjóða sem næst okkur standa. Þótt aðild að ESB sé ekki gallalaus myndi hún flýta öllum bata og verða Íslendingum til heilla þegar til framtíðar er litið. Þannig getum við byggt upp réttlátt þjóðfélag.

*Gylfi Arnbjörnsson*

forseti ASÍ

Vinnan • 1. Tölublað • 58. Árgangur

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason • Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson  
Umbrot og hönnun: EnnEmm • Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
Ljósmyndir: Lárus Karl Ingason

## Vissir þú ...

... að grunnatvinnuleysisbætur fyrir þá sem hafa starfað samfellt í tólf mánuði á innlendum vinnumarkaði eru allt að 149.523 kr. á mánuði. Svokallaðar tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru hins vegar greiddar fyrst í allt að þrjú mánuði frá þeim tíma sem grunnatvinnuleysisbætur hafa verið greiddar í byrjun atvinnuleysis í samtals tíu virka daga. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur geta verið allt að 242.636 kr. á mánuði. Eftir það taka grunnatvinnuleysisbætur aftur við.

... að starfsmaður getur átt rétt til greiðslu hlutaatvinnuleysisbóta á móti skertu starfshlutfalli ef skerðingin kemur til að frumkvæði atvinnurekanda vegna sam-

dráttar í starfsemi. Sama gildir ef starfsmaður hefur misst starf sitt að öllu leyti og ræður sig í minna starfshlutfall en hann var áður í hjá nýjum atvinnurekanda.

... að þegar sótt er um atvinnuleysisbætur er launamanni í sjálfvald sett hvort hann greiðir félagsgjald til stéttarfélags síns eða ekki. Með því að greiða félagsgjaldið viðheldur félagsmaður réttindum sínum hjá félaginu svo sem réttindum til sjúkradagpeninga, sjúkraþjálfunar og menntunar félagsmanna. Með því að greiða ekki félagsgjald tapast því mikilvæg réttindi.

... að atvinnulaust launafólk á rétt til margháttas stuðnings vegna aðildar sinnar að

stéttarfélögum og fræðslusjóðum þeirra og fræðslustofnunum sem reknar eru sameiginlega af verkalyðshreyfingunni og samtökum atvinnurekanda. Sama gildir um símenntunarmiðstöðvar sem reknar eru vítt og breytt um landið. Hjá þessum aðilum eru einnig starfandi náms- og starfsráðgjafar.

... að Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur launamanna sem verða fyrir barðinu á gjaldþroti atvinnurekanda. Þær kröfur geta varðað vangoldin laun þriggja síðustu starfsmánaða, laun í uppsagnarfresti í allt að þrjú mánuði, áunnið orlof og bætur vegna vinnuslysa.

## Ég elska Ísland og vil hvergi annars staðar búa

segir Rut Jónasdóttir, Lithái sem nú er orðin Íslendingur



Rut Jónasdóttir kom til Íslands frá Litháen haustið 1998. Hún varð Íslenskur ríkisborgari á síðasta ári og segist hvergi vilja vera nema á Íslandi. Rut útskrifast í vor sem félagsliði, sem er fimm anna starfsnám fyrir þá sem vinna við umönnun aldraðra. Á vorönn 2007 tóku Mímír-símenntun og Efling-stéttarfélag að sér tilraunaverkefni sem heitir Félagsliði í nýju landi. Það er félagsliðanám fyrir útlendinga sem hafa búið á Íslandi meira en fimm ár og eiga að baki þriggja ára starfsreynslu við umönnun aldraðra og fatlaðra. Námið er liður í áherslum verkalyðshreyfingarinnar að bjóða upp á styttri starfsnámsbrautir.

## GAMLA FÓLKIÐ KENNDI MÉR KJARNYRTA ÍSLENSKU

Hvernig voru fyrstu árin?

„Ég er lærð saumakona frá Litháen og gat fengið vinnu við að sauma rúmföt. Ég gat hins vegar ekki hugsað mér að sitja allan daginn og sauma. Ég vildi fjölbreyttara starf. Árið 2000 fór ég að vinna á Hrafnistu. Þar vann ég í tæp fimm ár og lærði íslensku. Stundum áttu vistmennirnir erfitt með að skilja mig en ég lagði mig fram og þeir voru bestu kennararnir. Þeir kenndu mér að tala kjarnyrta íslensku. Undanfarin þrjú ár hef ég svo unnið á Droplaugarstöðum á næturvöktum, en þær gefa meiri tekjur og rýmri frítíma á milli vakta.“

Þegar Rut er spurð um hið íslenska nafn

sitt svarar hún að bragði. „Þegar ég fékk íslenskan ríkisborgarétt á síðasta ári ákvað ég að breyta litháiska nafninu minnu Ruta í Rut og taka upp fornafn föður mins sem heitir Jonas. Ég útskýrði fyrir þessum íslenskum nafnahefðir virkaði og gladdi það hann mikið að ég væri orðin Jónasdóttir. Af hverju ekki að taka íslenskt nafn, ég er á Íslandi og ég er Íslendingur!“

## FARIÐ HRINGINN FIMM SINNUM

Segðu mér frá náminu – Félagsliði í nýju landi.

„Það komu upplýsingar um námið frá Eflingu stéttarfélagi í vinnuna. Ég var búin með fagnámskeið eitt og tvö sem var forkrafa og ákvað að sækja um framhaldsnám. Þetta er fimm anna nám með vinnu og útskrifast ég í vor. Félagsliðanámið er sérstaklega ætlað þeim sem vinna við umönnun aldraðra. Ég er að vinna í þessu umhverfi og það sem skipti einnig miklu máli, var að það er lögd sérstök áhersla á íslenskukennslu í tengslum við einstakar námsgreinar. Það hefur hjálpað mér mikið, ekki síst að skrifa íslensku. Svo finnst mér alltaf gaman að læra eitthvað nýtt. Hópurinn sem hefur farið saman í gegnum námið er samheldinn og hafa myndast góð tengsl okkar á milli, en við komum frá mörgum ólíkum löndum.“

Hefur þú áhuga á að fara í frekara nám?

„Já, í framtíðinni. Eftir að hafa verið í námi

með vinnu í rúm tvö ár er samt ágætt að hvíla sig. Ég hef hug á að læra meira um umönnun Parkison- og jafnvel Alzheimerssjúklunga. Ég þarf að skoða þetta og sjá hvernig námið fellur að mínum vinnutíma. Þetta er allt í skoðun.“

Eftir öll þessi ár á Íslandi, hefur þú ferðast um landið?

„Já, farið fimm sinnum hringinn! Sjálfsagt oftast en margir Íslendingar. Ég er búin að ferðast mikið, einu sinni ferðaðist ég um landið í 3 vikur með tjaldvagn og fór víða. Kyrrðin og náttúran hér er engu lík.“

Þegar þú ferð til útlanda, ertu Lithái eða Íslendingur?

„Ég er Íslendingur, ég er ástfangin af landinu. Það er ekkert sem tengir mig lengur við Litháen nema foreldrar mínir.“

Verður þú í framtíðinni hér á landi?

„Já, klárlega. Ég er búin að festa rætur hérna. Mér hefur tekist að safna peningum, nóg til þess að nú á ég mína eigin íbúð og bíl. Ég á marga vini hérna jafnt erlenda sem íslenska sem ég lít eiginlega á sem fjölskyldu mína. Ég ætla að vinna áfram við umönnun gamla fólksins og nýta þá menntun sem ég hef aflað mér. Það er gaman og gefandi að vinna með öldruðum. Þetta er fólk með mikla lífsreynslu og hef ég gaman af að heyra sögur þeirra. Það er líka góður skóli.“

152 / SELFOS

## Aðalbjörg hefur gengið langleiðina á hæsta fjall veraldar. Hún og 27 aðrir taka vel á móti þér á Selfossi.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Selfossi eða hringdu í okkur í síma 410 4000.



## Kynntu þér úrræði í greiðsluferfiðleikum

- Samningar
- Skuldbreyting vanskila
- Greiðsluöfnun
- Frestun afborgana
- Lenging lánstíma
- Greiðslufrestur vegna sölutregðu



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21, 105 Reykjavík  
Sími: 569 6900, 800 6969, ils@ils.is

# Hin syngjandi stétt

**K**LINK, klonk. Klink, klonk. Hljóðfærið er hamar en tónninn fenginn úr naglanum sem er verið að reka ofan í jörðina við járnbrautarteina af teymi blökkumanna í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Yfir höggnum sönglar hópurinn sálm með sínu lagi, nokkuð eintóna og endurtekningarsaman.

Þannig hljómar a.m.k. upphafslagið á plötunni sem inniheldur tónlistina við kvikmynd hinna fjölkunnugu Coenbræðra, *O Brother, Where Art Thou?*, mynd sem kynnti fyrir mörgum ríka tónlistararfleifð Bandaríkjanna. En þó að greinarhöfundur hafi séð ákveðna mynd í huga sér voru járnbrautarteinar víðsfjarri þegar lagið var tekið upp. Lagið er vissulega gamall sálmur, „Po' Lazarus“ en var sungið af James nokkrum Carter og samföngum hans um 1959 þegar þeir voru að höggva eldivið.

Gildir einu. Það sem máli skiptir er drifkrafturinn sem knýr sönginn. Hópur manna, sem tengist böndum vegna sameiginlegrar vinnu og/eða örlaga brestur í söng og nær þar samhljómi sem er hreinni og eðlilegri en nokkrar samræður þeirra á millum eða prentaðar ályktanir á blaði. Í söngnum er samvitund treyst, óréttlæti andæft og gagnrýnum, stundum kerknislegum

pillum, skotið á þá sem fara með völdin. Þessi list hefur verið stunduð í gegnum dægurtónlistina, eða eigum við kannski frekar að segja alþýðutónlistina, svo lengi sem elstu menn muna og útgangspunkturinn er ávallt sá sami, þó að birtingarmyndirnar kunni að vera mismunandi.

Þannig glettust hirðiflín við kónga sína og drógu dár að þeim, oftast án þess að þeir vissu af. Betra að syngja undir rós en að missa höfuðið.

## ÞESSI VÉL DREPUR FASISTA

En svo við hraðspólum inn í okkar öld, og drögum fram dæmi sem hægt er að smella undir geisla kemur nafn Bandaríkjamannsins Woody Guthrie óhjákvæmilega fyrst í hugann þegar fjallað er um verkalýðsbaráttu undir hatt dægurtónlistar. Guthrie var virkastur á fimmta áratugnum og voru lög hans innblásin af veruleika þeim sem landar hans bjuggu við þegar kreppan mikla réð ríkjum á fjórða áratugnum. Guthrie var þjóðlagasöngvari sem söng um harðræði hins venjubundna lífs, alþýðuhetja sem lá ekki á skoðunum sínum um það sem „skipti máli“ og var einn fyrstur manna til að hefja

dægurtónlistina yfir einbert skemmtihlutverk. Á gítar Guthrie stóð: „Þessi vél drepur fasista“ eða „This Machine Kills Fascists“, skýrt merki um að þarna færi maður sem talaði tæpitungulaust.

Ungur söngvari, Bob Dylan, heillaðist á sínum tíma af hugsjónum Guthries og gerði tónlist og skáldskap að lífsstarfi sínu í kjölfarið. Lög Dylan, eins og „Blowin' in the Wind“ og „The Times They Are a-Changin“ voru gríðarsterk ádeilulög og hnyktu enn frekar á því að hægt væri að nota hina „léttvægu“ poppmúsík til annars og meira en að vera bara bakgrunns- og dansballatónlist.

En hvað var að gerast á eldgömlu Ísafold um líkt leyti? Sú verkalýðsstétt sem steig skýrast fram í dægurtónlist og var þar mest áberandi voru vitaskuld sjómennirnir. Fiskiríð smaug inn í flesta þætti samfélagsins fram eftir öldinni, eðlilega, og spannst inn í orðtök, ljóð og lög. Sjómannslífið var þó mjög rómantísierað, og af textunum að dæma var ekki hægt að hugsa sér betra líf en að vera úti á rúmsjó. „Sjómannslíf, sjómannslíf, ástir og ævintýr“ var viðkvæðið og Haukur Morthens söng kátur um Sigurð sem var sjómaður. Það var svo pönkaranna síðar meir, hverra annarra, að snúa dálítið úr þessari glansmynd og krydda



hana dálítið með vel til fundu raunsæi. Bubbi Morthens sneri þannig eftirminnilega út úr laginu sem frændi hans hafði gert frægt. Í útgáfu hans og Utangarðsmanna var Sigurður orðinn lamaður, hafði orðið undir toghlera og var svikinn um bætur. Dr. Gunni lék svipaðan leik í gegnum sveit sína S.H. Draum í meistarastykkinu *Goð* (1987). Í laginu „Engin ævintýri“ er sjómannslífið dregið sundur og saman í háði og veruleikinn öllu núturligri en lýst var nokkrum áratugum áður.

## FINNST ÞÉR EKKI PÍNULÍTIÐ SKRÍTIÐ? HVAÐ SUMIR VINNA MIKIÐ EN FÁ ÞÓ LÍTIÐ

Pönkið barst seint til Íslands, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, en þar rúmaðist heldur betur beinskeytt og dugandi ádeila á ríkjandi ástand. Í Bretlandi, þar sem pönkið sprakk út með látum á árunum '76 og '77, var það ungt fólk af verkalýðsstétt sem hóf kyndilinn á loft, langþreytt á stöðugu atvinnuleysi og sofandahætti valdastéttarinnar. Útrásin bjó í kröftugu, ástríðufullu rokki með textum sem voru ekki með neitt „kjaftæði“, alveg eins og hjá Guthrie forðum daga. Útkoman úr þessu var ein gróskumesta

og ævintýragjarnasta dægurtónlist sem fram hefur komið í gervallri tónlistarsögunni. Þó að pönkið hafi ekki náð að skjóta rótum á Íslandi á áttunda áratugnum var meðvitundin um stétta- og kjarabaráttu rík og það sýndi sig m.a. í tónlist sveita eins og Spilverkisins, Þokkabótar o.fl. Má þar t.d. nefna hina mögnuðu Hrekkjusvínaplötu, þar sem misskipting og órétti var gagnrýnt linnulaust með sérdeiliss hnyttum og glúrnum textum.

„Finnst þér ekki pínulítið skrítið? Hvað sumir vinna mikið en fá þó lítið. Finnst þér ekki pínulítið skrítið? Hvað sumir vinna lítið en fá þó mikið.“

Óg þá má ekki gleyma Bubba Morthens í þessari umræðu. Allt frá Ísbjarnarblús (1980), þar sem hann hét því að hann ætlaði „aldrei, aldrei, aldrei, aldrei aftur að vinna í Ísbirninum“ hefur Bubbi talað máli þeirra sem minna mega sín.

Í dag stöndum við frammi fyrir afar áhugaverðum tímum hvað þetta varðar. Maður finnur fyrir því að þessir víðsjárverðu tímar eiga eftir að geta eitthvað merkilegt af sér – tónlistarlega – og er þróunin þegar

hafin. Þegar að þrengir fara viðtekin gildi og almenn forgangsröðun upp í loft; fólk fer að hugsa sitt, vaknar upp af doða og leitar þess sem raunverulega skiptir máli. Það er algilt að í kreppum blómstrar listin; hreint, óheft og eitthvað falllegt og satt er búið til úr engu. Þegar ískaldur raunveruleikinn knýr dyra er ekkert pláss fyrir stæla og þykjustubrag.

Fyrsta stóra tónverkið hefur meira að segja verið frumflutt. Stór hópur fólks sönglaði með sínu lagi eintóna og endurtekningarsaman sálm fyrir framan Alþingi Íslendinga í janúar. „BANK, bank, bank, bank ... vanhæf ríkisstjórn ... bank, bank, bank, bank ...“. Sólarhringslangt verk, transbundið og einkar áhrifaríkt. Þar opinberaðist samhyggðin glæsilega í söng en þannig brýst hún tærust fram, nú sem endranær.

Arnar Eggert Thoroddsen



Skyggst inn í spennandi heim Eve-online

## Hagkerfi án kreppu

Á einum stað í alheimi er hagvöxtur enn með ágætum, verðbólga viðráðanleg og atvinnuleysi ekki neitt. Þeir sem hafa áhuga á að freista gæfunnar þarna ættu samt að hafa í huga að umhverfið er nokkuð framandi. Daglegt líf gengur ekki út á fisk og virkjanir. Nei ekki aldeilis. Í EVE-netheimum gengur tilveran út á að fljúga um geiminn í leit að frægð og frama. Eyjólfur Guðmundsson er yfirhagfræðingur EVE og Pétur Jóhannes Óskarsson er þar heimspekingur. Þeir voru fúsir til að ræða við Vinnuna um stöðu og horfur efnahags- og félagsmála í geimnum.

### UPPHAFIÐ LÁ Í ORMAGÖNGUM

EVE á sér goðsagnakennt upphaf. Sagt er að í fyrndinni hafi ormagöng myndast milli sólkervis jarðarinnar og óþekkt hluta alheimsins. Um skeið gátu menn farið þarna á milli án vandkvæða eða þangað til göngin lokuðust skyndilega. Þeir sem hurfu inn í nýja heiminn háðu þar harða lífsbaráttu öldum saman. Völdin skiptust milli fimm heimsvalda sem áttu í stöðugum erjum þar til eigi

alls fyrir löngu að friður komst á – það var einmitt á þessum friðartímum sem EVE opnaðist fyrir leikmönnum á jörðu niðri gegnum Internetið. Leikmennirnir, hinir nýju íbúar EVE, eru nú að nálgast 300 þúsund. Flestir þeirra búa miðsvæðis á hinum svokölluðu „öruggu svæðum“. Þar ríkir regla á hlutum, innheimtir eru skattar en í staðinn er íbúunum tryggt öryggi til að stunda margvíslega borgaralega iðju. Á jaðarsvæðum netheimsins, sem ganga undir heitinu „o.o Space“, eru hins vegar engin lög enda logar þar allt í illdeilum.

Blaðamanni Vinnunnar lék forvitni á að vita hvað fengi leikmenn til að koma sér fyrir á óvistlegu svæði eins og „o.o Space“. Að sögn Eyjólfur er þetta e.t.v. spurning um sæmd fyrir hina reyndustu og sterkustu innan EVE. Úti á jöðrunum berjast þeir um hernaðarlega mikilvæg svæði, herfang, bandamenn o.fl. Frægasti bardaginn til þessa „Stóra stríðið“ hófst árið 2007 þegar rötgróið bandalag leikmanna sem kallaði sig „Band of Brothers“ lýsti því yfir að það stefndi að fullum yfirráðum í „o.o Space“. Þetta kallaði á

reiði annarra leikmanna sem bundust samtökum gegn þeim og kölluðu sig „The RedSwarm“. Stríðið milli þessara fylkinga stóð í tvö ár með þátttöku tugþúsunda leikmanna. Það endaði á dramatískan hátt í upphafi þessa árs eftir að RedSwarm tókst að snúa einum af stjórnendum Band of Brothers og gera hann að mikilvirkum gagnnjósnara innan raða óvinarins.

### SJÁLFSTÆTT MARKAÐHAGKERFI ÞRÓAST

Á öruggu svæðunum í EVE hefur smám saman orðið til sjálfstætt markaðshagkerfi, þ.e. hagkerfi sem er nær algerlega haldið uppi af leikmönnum. Aðalgerendurnir eru annars vegar framleiðendur og hins vegar neytendur. Þeir fyrrnefndu kaupa aðföng og búa til úr þeim fullunnar vörur. Neytendurnir sérhæfa sig hins vegar í ákveðnum verkefnum og nota tekurnar sem þeir hafa af þeim til að kaupa geimskip, vopn og aðrar fullunnar vörur. Að mati Eyjólfur kemst þetta fyrirkomulag nærri því að flokkast sem fullkominn samkeppnismarkaður samkvæmt skilgreiningu hagfræðinnar, þ.e. markaður þar sem

mörg fyrirtæki keppa um að selja tiltölulega staðlaðar vörur og þar sem auðvelt er fyrir nýja aðila að hasla sér völl.

Samkeppnisforskot á þessum markaði öðlast menn í gegnum rannsóknir og aðgang að nýjustu tækni. Fyrirtæki leggja gjarnan mikið á sig til að komast yfir góðar tækniuppskriftir (e. blueprint) til að draga úr kostnaði við framleiðsluna. Leikmenn sem vilja ná langt verða að tileinka sér og þjálfa hæfileika á breiðu sviði sem nær m.a. til verkfræði, raf-eindafræði, siglingafræði, viðskipta- og félagsfræði. Þeir framsýnustu skrá sig meira að segja í einhvern af háskólunum sem starfræktir eru í EVE til að stytta þann tíma sem það tekur að þjálfa upp hæfileikana.

Það er athyglisvert að sérstakt fjármálakerfi, með einkareknum bönkum, greiningardeildum og matsfyrirtækjum, hefur sprottið upp af sjálfsdáðum í EVE til að þjónusta viðskiptalíf. Hér vaknar óhjákvæmilega spurningin hvort þetta kerfi sé óhult fyrir bankakreppunni í heiminum. Eyjólfur telur að svo sé enda eru skorður reistar við fjármagnsflutningum inn í og út úr netheimnum. Það

er t.d. ekki hægt að veðsetja húsið sitt á Íslandi til að kaupa nýtskugeimskip í EVE. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að fjármálakerfið í EVE verði einhvern tímann fyrir áfalli innan frá sem leitt gæti til svipaðs ástands þar eins og í veröldinni fyrir utan þar sem fyrirtæki leggja upp laupana í umvörpum.

### BANKASTJÓRAR RÆNA BANKA

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að í EVE er enginn seðlabanki sem hefur það hlutverk að vera lánveitandi til þrautavara. Fjármálaviðskipti fara fram algerlega á grundvelli markaðslögmála og þess trausts sem ríkir milli leikmanna. „Ef þú lánar peningana þína til einhvers sem síðan fer á hausinn þá einfaldlega taparðu,“ segir Eyjólfur. Þetta kann að leiða til þess að menn spenna ekki bogann um of. Það hafa vissulega komið upp skandalar í EVE. Bankastjórar hafa rænt eigin banka. Iðnaðarsamsteypur hafa tekið ófrjálsri hendi mikið magn af takmörkuðum gæðum. Til þessa hefur virði misferlis af þessum toga hins vegar verið lítið miðað við heildarumsvifin innan EVE og ekki



Eyjólfur Guðmundsson og Pétur Jóhannes Óskarsson.

ógnað fjármálastöðugleikanum.

Blaðamanni til nokkurrar furðu eru fá ummerki á EVE um stéttarfélag. Pétur segir að stéttarfélag hefðu takmörkuðu hlutverki að gegna á stöðum þar sem ekki er fyrir hendi nein augljós stéttaskipting. Í EVE er leikmaður fyrst og fremst í vinnu fyrir sjálfan sig og hefur nóg fyrir stafni. Hann getur sérhæft sig á þeim sviðum sem hann hefur mestan áhuga á, hvort sem það er í námugreftri, bardögum eða einhverju öðru. Hann getur unnið sem einyrki, verktaki eða í bandalögum með öðrum. Allir eiga möguleika að ná þeim árangri sem þeir stefna að. Ef þeir verða undir í átökum geta þeir náð sér á strik aftur á skömmum tíma. Þó svo að óþrjúgandi verk efni í EVE geti ekki komið í staðinn fyrir störf sem tapast á jörðinni er ljóst að eitt og annað virðist mega læra í netheimum um uppbyggingu fyrirmyndarsamfélaga.

# Það var ekkert bremsufar á brúninni, við fórum fram af á fullri ferð

Guðmundur Gunnarsson og Eva María Jónsdóttir ræða hrun og endurreisn Íslands

Þetta eru sögulegir tímar. Því miður ekki í jákvæðri merkingu. Bankahrunið í október hratt af stað atburðarás sem fáa hefði órað fyrir árið 2007 þegar allt virtist hér í himnalagi og rúmlega það. Ísland var staðurinn og íslenskir viðskiptamenn virtust einhverra hluta vegna snjallari en koll-egar þeirra út í hinum stóra heimi. Hvernig það ævintýri fór þarf ekki að rekja hér. Eftir stendur Ísland með stórskaðað orðspor og þjóðin með skuldaklafa sem mun fylgja henni um ókomin ár. Það er fátt jákvætt við stöðuna eins og hún er nú. En er það mögulegt, þegar menn líta til baka árið 2020, að hrunið hafi orðið til góðs? Vinnan tefldi saman tveimur ólíkum einstaklingum til að velta vöngum yfir þessu og ýmislegt fleira tengdu bankahruninu og þeirri fíringu sem farin var að gegnsýra íslensku þjóðina. Þetta eru þau Guðmundur Gunnarsson sem hefur um árabíl staðið í hringið vinnumarkaðarins sem einn öflugasti verkalyðsforingi landsins og Eva María Jónsdóttir, fjölmiðlakonan vinsæla.

*Menn hafa keppt við að greina þróun mála á Íslandi síðustu ár fyrir hrunið í viðleitni sinni til að skilja hvað olli þeim efnahagslegu hamförum sem gengu yfir landið í haust. Hver er ykkar skýring? Hvað fór úrskeiðis?*

**GG:** Stjórnmalamennirnir vildu ekki verða púkó og að venju eigna sér alla velgengni. Það voru þeir sem gerðu stærstu mistökin með því að standa ekki vaktina. Ríkið brást og peningamennirnir nýttu sér svigrúmið. Hlutverk stjórnvalda er að tryggja stöðu almennings, setja leikreglur og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórnvöld tóku ekki tillit til ábendinga samtaka úr atvinnulífnum eins og margitrekadra ályktana stéttarfélaganna um hvert stefndi.

**EMJ:** Mig langar að líta á þessa spurningu út frá síðferði, þar sem ég er ekki innsti koppur í búri í viðskiptalífnum. Við Íslendingar

drýgðum tvær alvarlegar syndir: Við sögðum ekki satt og við vorum gráðug. Þetta er það sem við verðum að horfast í augu við, bæði sem einstaklingar og þjóð. Það hefði margt farið á annan veg ef sagt hefði verið satt og rétt frá öllu, sem var að gerast hér í viðskiptalífnum og þá er ég ekki að tala um að menn hafi vísvitandi gengið um ljúgandi, heldur héldu menn til baka ákveðnum upplýsingum sem ekki hentaði að láta í té. Markaður sem menn vita ekki hvernig er í raun vaxinn, getur varla verið traustur markaður.

Í þessum efnunum sem öðrum í mannfélaginu, leitast sannleikurinn alltaf í ljósið. Við ættum að nýta tækifærið núna til að hverfa frá pukri og sýndarmennsku og venja okkur á að tala um hlutina eins og þeir eru, ekki hagræða sannleikanum til að hann hljómi betur á markaði. Varðandi græðgina, þá er það löstur sem allir menn þurfa að sigrast á og getur gripið alla menn, nema þá sem eru í meðvitaðri baráttu gegn þessari hvöt sem liggur lágt en leynist víða.

**GG:** Stjórnvöld lögðu til hliðar samkennd og jöfnuð, og létu markaðshyggiuna ráða för.

Skattar á þá sem minnst máttu sín voru hækkaðir á sama tíma og felldur var niður hátekjuskattur. Við Íslendingum blasir hörmuleg staða íslenskra heimila, sem er niðurstaða og árangur þessarar efnahagsstefnu. Það er í sjálfu sér ótrúlegt ábyrgðarleysi af hálfu



stjórnvalda að hafa ekki tekið fyrir á þessum vanda. Þær forsendur sem íslensk stjórnvöld hafa gefið sér eru í senn barnalegar og lýsa veruleikafíringu.

## GÖMUL OG GÓÐ GILDI GLEYMDUST

*Íslendingar eru upp til hópa vel upplýst fólk. Hafði þið skýringar á því hvers vegna græðgisæði náði svo sterkum tókum á þjóðinni?*

**EMJ:** Það hefur þótt mikil dygd hér á landi að vera duglegur. Duglegur að vinna, duglegur að skaffa, duglegur að koma ár sinni vel fyrir borð. Við erum sérstaklega stolt af dugnaði okkar og höfum haft ríka þörf til að sýna hann með áþreifanlegum hætti. Til þess að öllum sé ljóst hversu duglegur maður er, eru heimilin, bílarnir, fatnaðurinn og græjurnar tákni um dugnað. Því miður er þetta, þrátt fyrir að vera fjárhagslega dýr leið, afskaplega ódýr leið til að sýna hver maður er. Það eru önnur gildi sem blífa og tel ég þau öll snúast um mennskuna, kærleikann og gleðina. Ég á satt að segja dálítið bágt með að skilja hvers vegna Íslendingar gleymdu um stundarsakir mörgum þeim gildum sem hafa lifað með þjóðinni,

eins og samheldni og hjálpssemi, en hékk þess í stað ákaflega samhent á hinum efnislegu gæðum.

Ég er ekki að undanskilja sjálfa mig frá því að hafa dáðst að fólk sem átti falleg heimili og fina bíla. En skjótt skipast veður í lofti og í dag eru þessi efnislegu tákni farin að standa fyrir minninguna um græðgina í hugum margra. Þessi tákni úreldest líka, en orðstír deyr aldregi. Og ég held að við ættum að muna það, þegar við siglum inn í framtíðina að það eru ekki efnisleg gæði sem auka orðstír manneskjunnar, heldur miklu frekar hvernig hún kemur fram við náunga sinn og af hvaða hvötum hún vinnur þau verk sem henni eru falin.

**GG:** Það upphófst kapphlaup um að hafa það sem best og um leið gleymdust viðmið og raunsæi. Allir vildu trúna stjórnmalamönnum og greiningardeildum bankanna um íslenska efnahagsundrið. Svo sem skiljanlegt. Láttu okkur fá alla peningana þína og við skulum láta þá vinna fyrir þig, endurtóku bankarnir í sífellu. Taktu svo lán hjá okkur fyrir öllu því sem þig hefur alltaf langað í. Eignastýring okkar sér um afborganirnar.

Gengið var vísvitandi rangt skráð af stjórnvöldum og peningar fluttir inn í landið til þess að falska stöðuna. Krónan á útsölu. Helmingur þjóðarinnar stækkaði við sig og fékk sér nýjan bíl. Þingmenn mættu í spjallþætti og sögðu að allir hefðu það svo gott og ættu að nýta sér stöðuna, vitanlega vildum við trúna þessu og tókum upp símann og pöntuðum skíðaferð og svo ferð á fótboltalek uppáhaldsliðsins okkar.

*Það er mikið talað um endurreisn Íslands sem byggir á öðrum gildum en þeim sem leiddu til hrunsins. Hvar á að byrja?*

**EMJ:** Það er að mörgu leyti okkar gæfa að hafa lifað svo stutt góðæriskeiði. Við getum enn rífað upp heilbrigðara gildismat, þar sem menn og konur kappkostuðu að eiga fyrir því sem þau keyptu en forðuðust að taka lán. Sparsemi kunna enn margir. Höfsemi og

útsjónarsemi voru miklir mannkostir ekki fyrir svo ýkja löngu síðan. Ofangreind gildi og svo þjóðfélag sem státaði af því að bilið á milli hinna ríku og fátæku var varla svo stórt að orð væri á gerandi, getum við flest rífað upp án mikilla vandkvæða. Það ætti því að vera auðveldara en ella fyrir Íslendinga að snúa af þessari skrítinu braut sem þeir fetuðu um nokkurra ára skeið.

Góð byrjun væri að viðurkenna hver við erum og

koma auga á hvaða gæði við búum við. Við þurfum ekki að reyna að vera eitthvað annað en við erum. Við þurfum bara að gera vel það sem við gerum og hlúa vel að því sem við eigum. Einhvern veginn á þennan hátt mætti bylja hugarfarinu og losa okkur við minnimáttarkenndina sem brýst gjarnan út í mikilmennskubrjálæðinu.

**GG:** Íslendingar voru búnir að gleyma lífs-gildum þjóðarinnar og sjálfstæði. Að verki voru hanar galandi á tildurhaugum markaðshyggiunnar. Þessir hanar glutruðu sjálfstæðinu á meðan hluti þjóðarinnar dansaði ofsafengnum dansi kringum gullkálfinn og ákallaði hann sem hin sónnu lífsgildi. Þetta er að renna upp fyrir fólk í dag og það hefur áttað sig á gildum fjölskyldunnar. Aðsókn að sundstöðum hefur vaxið. Fleiri eru á ferð á göngustígum. Fullbókað er á líkamsmarkaðstöðum. Helmingstjólfingur í hvers konar afþreyingu. 67% aukning var á umskönum í orlofskerfi rafiðnaðarmanna á komandi sumri, sem segir okkur að Íslendingar ætli sér að vera heima í sumar og skoða landið með fjölskyldunni.

## NÓG AF SÓKNARFÆRUM

*Á hvað eigum við að leggja áherslu í uppbyggingu atvinnulífsins?*

**GG:** Það eru nánast óendanlegir möguleikar á hinu svokallaða græna sviði sem á sér ört vaxandi stuðning í heiminum í dag. Það eru gríðarlegir möguleikar á sviði lífefna- iðnaðar og mikill áhugi að koma til Íslands. Það er þegar uppgangur á þessu sviði hér á landi en gæti verið töluvert meiri. Einnig liggur fyrir að það sé hagkvæmt að framleiða ákveðnar tegundir af grænmeti hér á landi með vistvænni raforku.

Það þarf að skapa um 20.000 þúsund störf hér á landi á næstu 4 árum ef takast á að koma atvinnuleysi niður fyrir 5%. Það kallar á 4–5% hagvöxt. Svipaðan hagvöxt og var hér á nýliðnu háspennuhagvaxtarskeiði, sem reyndar hafði ekki alltof þægilegar afleiðingar.

Það liggur fyrir að lokað íslenskt hagkerfi útilokar að erlendir fjárfestar vilji flytja hingað fjármagn. Þetta er staðfesting á því sem aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að benda á undanfarið.

Ef við ætlum ekki að lenda í 10–15 ára ládeyðutímabili mörkuðu af höftum og háum vöxtum, þá komast stjórnvöld ekki hjá því að taka á gjaldmiðilsmálum. Það er gjaldmiðilskreppan sem skapar hin séríslenska vanda. Það hefur komið fram nokkrum sinnum í vetur að vilji sé innan ESB að taka á þessum vanda með okkur, en það virðist vera svo að þetta verði ekki til alvarlegrar umfjöllunar meðal stjórnmalamanna.

**EMJ:** Við eigum að leggja áherslu á allt sem er grænt og vænt og vísar veginn til framtíðar, en ekki geryðileggingar á jarðarkúlunni. Mér finnst skipta máli að við framleiðum hýlendis eins mikið af mat og þarf til að Ísland teljist sjálfu sér nægt þegar kemur að því að brauðfæða þjóðina. Það er umhverfissóðaskapur fylgjandi öllum

Þessum matvælinnflutningi. Ég hef ekkert á móti því að geta keypt sænskt kex úti í búð en ég væri alsæl ef umhverfisvænar gæðavörur, sem ekki hefðu ferðast mikið, væru á boðstólum í verslunum okkar í ríkara mæli.

Við gætum líka verið í farabroddi þegar kemur að umhverfisvænum samgöngum og nýtt eitthvað af þessari rafmagnsframleiðslu til að keyra áfram mengunarlausu rafmagnsbíla. Áherslan verður að vera á sjálfbærni, hvað sem við tökum okkur fyrir hendur í þessum efnum.

#### MEGUM EKKI SETJA ÖLL EGGIN Í SÖMU KÖRFUNA

*Skiptir verkalýðshreyfingin máli í endurreisinni?*

**GG:** Það hefur sýnt sig að verkalýðshreyfingin hefur allan tímann verið raunsæ og meðvitund um hvert stefndi. Hún hefur verið ábyrg og bent á leiðir til úrbóta og margoft lýst sig tilbúna til samstarfs við stjórnvöld. Auður samfélagsins er fölginn í fólkinu. Réttlæti og jafnræði er alltaf til heilla og fyrir það stendur verkalýðshreyfingin. Dýrkun valda og efnishyggi eru fjotrar ekki frelsi. Arður og gengi hlutabréfa hafa blindað og allt sem getur skilað auknum arði er talið réttlætanlegt. Sjónarmiðum launþega og þeirra sem minna mega sín hefur því miður verið vikið til hliðar, gróðafíknin hefur ráðið. Mannkostir, mannleg reisn og samskipti hafa gleymst. Gróðafíkn varð hér æðsta takmark og öll fyrirbrigði mannlegrar tilveru voru gerð að mati á kaupgetu. Þessum hugsunarhætti verðum við að breyta.

**EMJ:** Allar hreyfingar sem leggja áherslu á það sem við eigum sameiginlegt, frekar en það sem sundrar okkur eru mikilvægar á vorum tímum. Hinn almenni launamaður verður að hafa rödd og við höfum ekki fundið þeirri rödd neinn kraftmeiri farveg en í gegnum verkalýðshreyfinguna.

*Eruð þið bjartsýn fyrir Íslands hönd?*

**GG:** Það hefur ekki reynst vel að setja öll



egginn í eina körfu. Fiskurinn var ráðandi á sinum tíma og það kostaði okkur margskonar rússibanaferðir með efnahagslífið. Síðan lögðum við alltof mörg egg í bankakörfuna og slepptum frjálshyggi lausri og erum enn eina ferðina að upplifa rússibanaferð, þá allra svakalegustu. Við þurfum að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Íslensk orka mun ekki falla í verði, þvert á móti munu verðmæti hennar margfaldast á komandi árum. Það væri því mikill fingurbjótur ef núverandi stjórnvöld næðu því fram að selja enn stærri hluta af orku okkar í 40 ára samningi til álvera.

Mörg fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að koma hingað með framleiðslu á borði við grunn sólarrafhlaðna og aflþynna eins og á að fara framleiða á Akureyri. Koltrefjaverksmiðja er einn af þeim áhugaverðu kostum sem okkur standa til boða.

Það er hröð þróun í rafgeymum og rafbilar munu taka við. Það er ekki ólíklegt að eftir 10 ár verði raforka a.m.k. helmingur þeirrar orku sem íslenskur bílafloiti nýtir. Ekið verður inn á hleðslustöð og skipt um rafgeyma. Það kallar á orku úr raforkukerfinu sem samsvarar framleiðslu Kárahnjúkavirkjunar. Þá værum við í mun lakari stöðu ef við værum búin að selja mikinn hluta hagkvæmustu orkuframleiðslumöguleika okkar í framvirkum samningum til erlendra auðhringa til margra áratuga.

Miklir möguleikar eru fyrir minni orkuframleiðendur en Landsvirkjun eins og t.d. bændur sem eru að byrja að virkja minni ár í eigin landi. Við getum með þeim hætti framleitt mikla orku vítt og dreift um landið og með því reist vistvænar verksmiðjur af heppilegri stærð, með mannaflapörf á bilinu 50 – 200 manns.

**EMJ:** Ég held að sóknarfæri okkar liggja í því að gera upp við þann þenkímáta sem hefur nú riðið þjóðinni á slig. Um leið og við höfum viðurkennt að hafa verið gagnrýnislaus, sofandi, gráðug og þröngsýn (undantekningar gætu verið einhverjar), getum við farið að horfa björtum augum til framtíðar. Það er gríðarlega mikilvægt að við lærum af þessu harkalega hruni og séum miskunnarlaust heiðarleg þegar við gerum upp við fortíðina. Þá gætum við jafnvel litið á uppreisn okkar sem sóknarfæri í sjálfa sér, ef vel tekst til gæti „íslenska leiðin“ út úr kreppunni orðið öðrum innblástur. Þetta er nú kannski meira sagt í gríni og í anda þess hvað við erum búin að vera mikið best í öllu undanfarin ár.

En það er grínlaust þegar ég segist vonast til að tímamótin nú verði til þess að við tökum okkur ennþá meira á í jafnréttismálum. Við hrunið voru mun fleiri en fyrr tilbúnir að sjá að fjarvera kvenna frá fjármálalífnum hafði haft afleiðing á hormónabúskap þessa afkima. Nú er lag fyrir okkur að jafna hlut kynjanna á öllum sviðum, afnema í eitt skipti fyrir öll kynbundinn launamun, sem var reyndar afnuminn með lögum fyrir meira en hálfri öld, og sýna heiminum þau gæði sem felast í því að feður og börn kynnist snemma



á lífsleiðinni. Þarna gætum við komið að miklu gagni fyrir heiminn allan. Þar sem við getum gert gagn eigum við að gera það.

#### FIRRINGIN VAR ALGJÖR

*Sjáið þið fyrir ykkur að eftir 10-15 ár verði talað um að hrunið hafi þrátt fyrir allt orðið þjóðinni til góðs?*

**GG:** Já, það var ljóst strax árið 2003 hvert stefndi og það var ekki bremsufar á brúnni. Við fórum fram af á fullri ferð. Þó svo að efnahagslífið hefði brotlent og bankarnir hrunið, helmingur heimilanna stefndi í gjaldþrot og hvert fyrirtækið af öðru gæfist upp, þá héldu ráðherrar ræður yfir þjóðinni um að það væri allt öðrum að kenna. Hrunið væri af völdum erlendra áhrifa og nágrannaþjóðir okkar væru orðnar okkur óvinveittar og vildu ekki lána okkur enn meiri peninga. Firingin var algjör. Það er fyrst nú 7 mánuðum síðar að þessir stjórnálamenn eru farnir að horfast í augu við eigin gerðir og þá stöðu sem þeir settu þjóðina í. Já, maður verður því miður að segja að þessi hreinsun hafi verið nauðsynleg, hún var óþarflega harkaleg og sársaukafull. En það er svo spurning hvort við munum læra af þessum hamförum. Vonandi.

**EMJ:** Hvað hefði orðið um okkur ef þetta kerfi hefði ekki hrunið? Ég er hrædd um að það þjóðfélag hefði getað orðið skelfilega ljótt og leiðinlegt. Ég held þess vegna að þetta hrun muni gera okkur gott, að því gefnu að við lærum að segja satt og draga ekkert undan og berjast við hina lúmsku græðgi, sem hefur þjakað mennina frá ómunatið. Ef við vöknum ekki núna, þá erum við líklega dauð úr öllum æðum, en því trúi ég ekki.

Útivistar- og fjöskyldumaður með veiðidellu:

## Hin hliðin á forsetanum



Á ársfundi Alþýðusambandsins í október 2008 var Gylfi Arnbjörnsson kjörinn nýr forseti ASÍ. Gylfi hefur starfað lengi fyrir verkalýðshreyfinguna, m.a. sem hagfræðingur ASÍ og síðar framkvæmdastjóri. Þjóðin þekkir þennan gráskeggjaða mann úr fjölmiðlum þar sem hann kemur gjarnan fram brúnaþungur og talar um efnahagsmál. Hér er hin hliðin á nýjum forseta ASÍ.

*Nafn:* Gylfi Arnbjörnsson

*Fæddur:* Í Keflavík 12. maí 1958

*Fjölskylda:* Maki er Arnþrúður Ösp Karlsdóttir og eigum við fjögur börn, Ástu Þöll, Oddrúnu Eik, Arngrím Þorra og Ísleif Jón

*Áhugamál:* Útivist, einkum göngur og jeppaferðir og allar tegundir af veiði.

*Hvað skiptir mestu máli í lífinu:* Annars vegar fjölskyldan og vinir og hins vegar að standa undir því trausti sem mér er sýnt.

*Upphaldsland (fyrir utan Ísland):* Danmörk og Ítalía.

*Upphaldsfélag í íþróttum:* Þessi er erfið – ég er lítið í sportinu – en einu sinni var ég aðdáandi Keflavíkur í fótbolta hér á landi og Manchester Utd í Bretlandi en það er

rosalega langt síðan. Þá voru Bobby Charlton og George Best í liði United!

*Íþróttaaufrek:* Lenti í öðru sæti í langstökki án atrennu á móti Íslandsmeistarunum!

*Skritnasta upplifunin:* Að sitja uppi með að vera óvænt í forsvari norrænnar verkalýðshreyfingar í heimsókn fulltrúa hennar í Kína fyrir nokkrum árum.

*Uppáhaldsmatur:* Virkilega góð nautasteik, og svo ítalskur og kínverskur matur.

*Skærasta æskuminningin:* Fyrsta útilegan með mömmu og fjórum systkinum á Þingvöllum (pabbi var á sjó). Við sváfum í Moskovich'inum þar sem sætin voru lögð niður. Þetta var svakalega skemmtileg ferð, ég var trúlega ekki nema 3-4 ára og hef ávallt haft yndi af Þingvöllum síðan.

*Merkasti núlifandi jarðarbúinn:* Nelson Mandela.

*Dansar þú?* Ekki mikið, en sýndi einu sinni „bump“ þegar það var í tísku!

*Upphaldstónlistarmaður/hljómsveit:* Freddie Mercury og Queen.

*Besta bíómyndin:* Þær eru svo margar, en ég nefni Gauksheiðrið, Clockwork Orange og Schindlers List svona eftir minni.



*Besta bókin:* Enn fleiri, en dettur í hug Mýs og menn og Þrúgur reiðinnar eftir Steinbeck, Sjálfstætt fólk eftir Laxness og nokkrar eftir Gunnar Gunnarsson.

*Mesta þrekvirkir sem þú hefur unnið?* Hreindýraveiðin í fyrrihaust. Þá gengum við 65 km á þremur dögum með samtals 4700 metra hækkun. Í lok ferðar bárum við svo um 40 kg á bakinu í þriggja tíma göngu í bílana. Þetta var fullvaxin ferð og ég vonast til að endurtaka hana í haust!

*Skiptir ASÍ máli?* Já, ég tel að ASÍ og verkalýðshreyfingin skipti gríðarlega miklu máli, sem málsvari bæði launafólks og raunar allra þeirra sem búa við knöpp kjör og sem þátttakandi í að finna lausnir á aðsteðjandi vanda.

# Úr vörn í sókn

Leikur fólksins - knattspyrnan og verkalýðshreyfingin uxu úr grasi hlið við hlið og hafa verið samferða í meira en 100 ár.



Árið 1867 sat þýskur flóttamaður við skriftir á þjóðminjasafni Breta í Lundúnum. Hann var að leggja loka-hönd á bók sem varð síðar eitt áhrifamesta ritverk mannkynssögunnar. Í Das Kapital hélt Karl Marx því meðal annars fram að trúarbrögð væru óþím fólksins.

Hefði Karl Marx skrifað bókina aðeins nokkrum árum síðar hefði hann haft góða ástæðu til að endurskoða þessa fullyrðingu. Innan fárra ára varð nefnilega knattspyrnan, ekki trúarbrögðin, hið raunverulega óþím fólksins í augum þeirra fjölmörgu iðkenda og stuðningsmanna sem lögðu stund á þessa íþrótt um allan heim.

Árið 1862 eða fimm árum áður en Das Kapital var gefin út, komu nokkrir mektarmenn saman í Nottingham á Englandi í þeim tilgangi að stofna klúbb fyrir „herramenn“ sem vildu leggja stund á knattspyrnu. Á þessum tíma var knattspyrnan ný íþrótt í örri þróun og fannst í nokkrum ólíkum útgáfum.

Klúbburinn sem þeir félagar stofnuðu hlaut nafnið Notts County. Það er elsta starfandi atvinnuknattspyrnufélagið í heiminum í dag. Í fyrstu var fátt sem benti til þess að þessi nýja tómsundaiðja örfárra enskra óðalsmanna myndi innan fárra ára tröllriða heiminum. Stórt skref í þá átt var þó tekið árið 1863 þegar fulltrúar tíu fótboltafélaga hittust á krá í London og stofnuðu enska knattspyrnusambandið.

Brýnasta verkefnið sem blasti við þessum frumkvöðlum var að sameina allar þær mismunandi fótboltaeignir sem höfðu þróast af handahófi í ýmsum einkaskólum, háskólum og héruðum landsins.

## ÁHUGAMÁL EÐA ATVINNA

Saga knattspyrnunnar eins og við þekkjum hana má rekja til þeirra gríðarlegu samfélagsbreytinga sem áttu sér stað á Bretlandseyjum á seinni hluta 19. aldar. Á sama tíma og Marx var að skrifa Das Kapital og fjöldi nýrra knattspyrnufélaga spratt upp víða um landið var Bretland óumdeild vaggja iðnbýltingarinnar. Ein af afleiðingum iðnbýltingarinnar var umfangsmikill fólksflutningur úr sveitum til þéttbýlisstaða sem þöndust hratt út með tilheyrandi efnahagslegri og félagslegri röskun og umróti.

Á tæplega einni öld breyttist Bretland úr því að vera samfélag þar sem langflestir unnu við landbúnað í samfélag þar sem obbi fólks vann við ýmskonar iðnað. Þessi þróun endurtók sig víða í Evrópu, Norður-Ameríku og Japan seinna á 19. öldinni og í upphafi þeirrar tuttugustu.

Á sama tíma og verkamenn flyktust í stórum stíl úr sveitum í borgir tók samgöngukerfi Bretlands kipp með tilkomu járnbrautanna um miðja 19. öldina. Nú var hægt að ferðast lengri leiðir og á meiri hraða en menn höfðu nokkurn tíma látið sig dreyma um. Þetta nýfengna ferðafrelsi átti stóran þátt í að gera knattspyrnu að þeirri vinsælu keppnisíþrótt sem hún er í dag.

## VERKAMENN FÁ FRÍ EFTIR HÁDEGI Á LAUGARDÖGUM

Iðnvæðing Bretlands varð líka til þess að rauntekjur verkamanna jukust til muna. Þótt fátæktin væri enn mikil og lífskjör oftast kröpp, höfðu flestir meira fé á milli handanna en áður hafði þekkt. Samþjöppun fólks í borgum varð einnig til þess að menn byrjuðu að sameinast í stéttarfélag og verkalýðsbaráttan tók á sig nýja og skipulagðari mynd. Í kjölfar lagasetningar upp úr 1870 fékk

venjulegt verkafólk löggiltan frítíma. Í fyrsta skipti í sögunni gátu verkamenn hætt að vinna upp úr hádegi á laugardögum, sem gaf þeim tíma til þess að stunda ýmis áhugamál, þar á meðal knattspyrnu, bæði sem iðkendur og áhorfendur.

Þessi aukni frítími fól þó í sér ýmsar hættur að mati sumra. Nokkuð algengt var að atvinnurekendur, kirkjur, bindindissamtök og ýmsar aðrar stofnanir fyndu sig knúin til þess að leita leiða til að halda almúganum frá hverskyns ólifnaði á borð við drykkju, fjárhættuspil og aðra vafasama tómsundaiðju. Þessi fyrirhyggja reyndist fótboltanum og öðrum íþróttum vel og varð til þess að enn fleiri knattspyrnufélög voru stofnuð vítt og breitt um Bretland að tilstuðlan þessara hópa.

Atvinnumenskann í fótboltanum byrjaði að gera vart við sig tiltölulega snemma. Þegar knattspyrnusamband Skotlands var stofnað í mars 1873 var eitt af fyrstu verkum þess að leggja blátt bann við öllum peningagreiðslum til leikmanna. En allt kom fyrir ekki. Næstu árin fóru skoskir leikmenn í vaxandi mæli til Englands þar sem viðhorf manna til atvinnumenskunnar var annað.

Skoska knattspyrnusambandið gafst loks upp árið 1893. Þá var ástandið orðið þannig að það hefði verið „álíka viturlegt að reyna að stífla Niagrafoss með eldhúskolli og að reyna að stemma stígu við atvinnumenskunni,“ eins og einn stjórnamaður komst að orði.


Á aðeins 30 árum hafði knattspyrna vaxið úr því að vera tómsundaiðja örfárra sérvitra, enskra skólamanna í að verða vinsælasta íþrótt breskrar alþýðu og viðurkennd atvinnugrein. Æ fleiri leikmenn komu úr verkamannastétt og höfðu hvorki efni né áhuga á að spila sem áhugamenn í frístundum með tilheyrandi kostnaði og tekjuskerðingu. Og þar sem sífellt fleiri áhorfendur reyndust reiðubúnir að borga sig inn á völlinn til að berja þá augum sáu þeir heldur enga ástæðu til þess.



Upton Park heimavöllur West Ham árið 1930

## KNATTSPYRAN PRÓADIST SÍÐAR Í LUNDÚNUM ÞAR SEM RÉTTINDI VERKAMANNA VORU MINNI

Atvinnumenskanna var orðin að veruleika en tekjuleiðir félaganna voru enn ótryggar og keppnisfyrirkomulagið óskipulagt. Að ensku bikarkeppninni undanskilinni voru keppnir oft á tíðum svæðisbundnar og tilviljunarkenndar. Leikir fóru fram á óreglulegum tímum og félögin tefldu ekki alltaf fram sínu sterkasta liði. Bikarleikir, vináttuleikir, góðgerðarleikir, áskoranarleikir, sýningarleikir, keppnisferðir og einn og einn landsleikur. Allt var þetta í einum hrærigraut sem



James Ferguson

jafnvel hörðustu aðdáendur gátu ómögulega áttað sig á. Ef knattspyrnan átti að halda áfram að vaxa og dafna þurfti betra skipulag og öruggari leiðir til að tryggja félögunum fastar tekjur.

Eins og margir atvinnumenn í greininni kom lausnin að þessum vandamálum að norðan. Skoski stórkaupmaðurinn, William McGregor hafði flutt suður til Birmingham og rak þar öfluga vefnaðarvöruverslun. Hann átti einnig sæti í stjórn Aston Villa og þekkti því vel rekstrarvandamál sem hrjáðu félögin á þessum tíma. Til að ráða bót á málunum komu nokkrir stjórnarmenn saman árið 1888 með McGregor í farabroddi og stofnuðu ensku deildarkeppnina. Tólf lið skuldbundu sig til að keppa innbyrðis tvisvar á ári, heima og að heiman.

Aðildarfélagin að stofnun deildarinnar voru Accrington, Blackburn Rovers, Bolton Wanderers, Burnley, Everton, Preston North End, Aston Villa, Derby County, Notts County, Stoke City, West Bromwich Albion og Wolverhampton Wanderers. Öll þessi lið voru frá Norður- og Mið-Englandi, þar sem atvinnumenskann hafði fest sig í sessi. Innkoma Lundúnaliða varð að biða nokkur ár í viðbót eða þar til verkamenn á Suður-Englandi fengu hálf dags frí á laugardögum eins og starfsbræður þeirra fyrir norðan.

Nöfn þessara 12 félaga lifa enn í dag en það er athyglisvert að ekkert þeirra var með í ráðum þegar enska knattspyrnusambandið var stofnað 25 árum áður. Atvinnumenskann var orðin að veruleika og knattspyrna var orðin leikur alþýðunnar.

## LEIKUR ALÞÝÐUNNAR

Tengslin milli enskrar alþýðu, verkalýðshreyfingarinnar og knattspyrnunnar má best sjá í félögunum sjálfum og sögum þeirra. Sem dæmi var West Ham stofnað árið 1895 undir nafninu Thames Ironworks FC af Arnold Hills, eiganda fyrirtækisins, og Dave Taylor starf stjóra þess. Eins og nafnið gefur til kynna starfrækti Thames Ironworks skipa- og járnverksmiðju í austurhluta Lundúnaborgar, og uppruni félagsins sést greinilega enn í dag í merki þess og gælunafninu „Hamrarnir.“

Hinun megin við Thamesána voru erkifjendur West Ham staðsettir. Það var Millwall sem var stofnað árið 1895 af nokkrum skoskum verkamönnum sem störfuðu í sultuverksmiðjunni Morton's Jam Factory.

Millwall myndaði síðar mjög sterk tengsl við hafnarverkamenn í nágrenninu og héldust þau fram á sjöunda áratug síðustu aldar þegar fór að draga stórlega úr starfsemi hafnarinnar. Svo sterk reyndust þessi tengsl að um 1960 var Millwall eina liðið á Englandi sem mátti hefja heimaleiki sína kl. 15.15 á laugardögum í stað kl. 15.00, svo að stuðningsmennirnir gætu lokið við vinnu sína við höfnina áður en haldið var á völinn.

Enn eitt Lundúnalið sem ber sinn alþýðlega uppruna með stolti er Arsenal. Árið 1886 stofnuðu nokkrir verkamenn hinnar konunglegu vopnaverksmiðju í suðausturhluta Lundúna fótboltaféluginn Dial Square. Fimm árum seinna hóf liðið leik í atvinnumannadeildinni og breyttist nafnið þá í Woolwich Arsenal, sem stýttist síðar í Arsenal. Árið 1913 fóru „Skytturnar“ að dæmi Chelsea og Tottenham Hotspur og fluttust á nýjan völl á norðurbakka Thames-árinna í





grennd við neðanjarðarlestarstöð. Völlurinn hét Highbury og þar átti félagið heima næstu 73 árin.

Árið 1878 stofnuðu nokkrir járnbautarstarfsmenn í Manchester félag sem hlaut nafnið Newton Heath FC. Þetta félag er betur þekkt í dag sem Manchester United.

**TRÚBOÐ MEÐ BOLTA Á TÁNUM**

Auk bresks verkalýðs átti annað stórt afl mikinn þátt í útbreiðslu knattspyrnunnar en það voru kirkjur og trúfélög. Félag eins og Hibernian, Celtic, Everton og Manchester City eiga öll rætur sínar að rekja til kristinna trúfélaga. Langflest fótboltafélög á Bretlandseyjum eiga rætur að rekja beint eða óbeint til verkalýðsins eða kirkna.

Eins og á trúboðarnir fyrr á 19. öldinni flyktust margir breskir verkamenn og aðrir fulltrúar heimsveldisins vítt og breitt um heiminn og báru með sér fagnaðarboðskap

knattspyrnunnar í farteskinu.

Ísland fór ekki varhluta af þessari þróun. Árið 1895 átti skoskur prentari, James Ferguson að nafni, frumkvæði að stofnun fimleikahóps ungra piltá, „Reykjavík Gymnastics Club“, sem sýndi nokkrum sinnum í Reykjavík veturinn 1895 – 1896. Þótt hópurinn legðist af þegar Ferguson yfirgaf landið hafði honum tekist að vekja áhuga nokkurra heimamanna á annarri íþrótt sem hann þekkti vel til en það var knattspyrna. Þessi áhugi varð til þess að Knattspyrnufélag Reykjavíkur, KR, var stofnað árið 1899 fyrst allra knattspyrnufélaga á Íslandi.

Árið 1908 voru tvö önnur félög, Fram og Víkingur, stofnuð og árið 1911 fór Séra Friðrik Friðriksson að dæmi ýmissa annarra kirkjumannna í Evrópu þegar hann átti frumkvæðið að stofnun Knattspyrnufélagsins Vals.

Eins og sönnum verkamönnum sæmði sáu leikmenn á Bretlandseyjum ástæðu til þess

að stofna sitt eigið stéttarfélag. Það gerðist árið 1898 og fóru nokkrir leikmenn Everton þar fremstir í flokki. Þessi samtök atvinnumannna í fótbolta drógu að sér allt að 250 leikmenn þegar best lét en þau leystust upp árið 1901. Félagið var endurreist árið 1907 og er nú elsta starfandi stéttarfélag sinnar tegundar í heiminum. Meðal helstu afreka þess var afnám launabaks leikmanna árið 1961.

Á tímum gervihnattarsjónvarps, hnattvæðingar og stjarnfræðilegra hárra launa til leikmanna er vert að hugsa til þess að fótboltinn er þrátt fyrir allt leikur alþýðunnar. Þetta barn iðnbyltingarinnar óx úr grasi í sötugum hverfum iðnaðarborga, kolanámum og þéttbýlisstöðum um gjörvallar Bretlandseyjar. Beint og óbeint hafa verkalýðshreyfingin og stéttarfélög haft ómetanleg áhrif á þróun þessarar vinsælustu íþróttagreinar í heiminum í dag.

*Rab Christie sagnfræðingur og knattspyrnuáhugamaður*



ASI þakkar eftirtöldum aðilum dyggan stuðning




# VERJUM SÆKJUM þann rétt sem við eigum!

Hafðu samband: [www.rafis.is](http://www.rafis.is)



RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS



# Vinnan þakkar stuðninginn ...

## REYKJAVÍK

Blikksmiðja Austurbæjar ehf, Súðarvogi 9  
 Búsáhold og gjafavörur ehf, Kringlunni 6-12  
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1  
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4  
 Ernst & Young hf, Borgartúni 30  
 Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Grensásvegi 13  
 Félag Íslenskra hljómlistarmanna, Raudagerði 27  
 Félagsstofnun stúdenta, Hringbraut  
 Flugfreijufélag Íslands, Borgartúni 22  
 Flugger, Stórhöfða 44  
 GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8  
 Gjögur hf, Kringlunni 7  
 Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50  
 Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11  
 Ice Consult ehf, Mörkinni 6  
 Innnes ehf, Fossaleyni 21  
 Íslandspóstur hf, Stórhöfða 29  
 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6  
 KPMG hf, Borgartúni 27  
 Lagnalagerinn ehf, Fosshálsi 27  
 Landsnet hf, Gylfaflöt 9  
 Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9  
 ENNEMM ehf, Brautarholti 10  
 Núi- Sírius hf, Hesthálsi 2-4  
 Núi okuskólinn ehf, Klettagörðum 11  
 Póstmannafélag Íslands, Grettisgötu 89  
 Prentsmiðjan Oddi hf, Höfðabakka 7  
 Rarik ehf, Bíldshöfða 9  
 Reykjavíkurborg  
 SÍBS, Síðumúla 6  
 Sleipnir, bifreiðastjórafélag, Mörkinni 6  
 Sökkull ehf, Funahöfða 9  
 Utanríkisráðuneytið, Raudarástig 25  
 Útherji ehf, Ármúla 36  
 Verkstjórafélag Reykjavíkur, Skipholti 50d  
 Verslunin Brynja ehf, Laugavegi 29  
 Öryrkjabandalag Íslands, Hátúni 10

**KJALARNES**  
 Matfugl ehf, Völuteigi 2

**SELTJARNARNES**  
 Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

**KÓPAVOGUR**  
 Glófi ehf, Auðbrekku 21  
 Íslandsspil sf, Smíðjuvegi 11a  
 Kópavogsbær, Fannborg 2  
 Suðurverk hf, Hlíðasmára 11

**GARÐABÆR**  
 Garðabær, Garðatorgi 7  
 Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10  
 Ris ehf, Skeiðarási 12  
 Samhentir-Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4  
 Verslunin 10 - 11, Lyngási 17  
 Wurth á Íslandi ehf, Vesturhrauni 5

**HAFNARFJÖRÐUR**  
 Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66

Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1  
 Hvalur hf Hafnarfirði  
 Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26  
 Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8  
 Samtak ehf, Skútahrauni 11  
 Sólark-Arkitektar ehf www.solark.is, Hraunbrún 31  
 Spennubreytar, Trönuhrauni 5  
 Útvík hf, Eyrartröð 7-9

**BESSASTAÐAHREPPUR**  
 Sveitarfélagið Álftanes, Bjarnastöðum

**REYKJANESBÆR**  
 Kaffitár, Stapabraut 7  
 Reykjanesbær, Tjarnargötu 12  
 Vatnsafl ehf, Njarðarbraut 3d  
 Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14  
 Keflavíkurflugvöllur  
 Skólar ehf, Klettatröð 2314

**GRINDAVÍK**  
 Grímsnes ehf, Hafnargötu 31  
 Verkaljósfélag Grindavíkur, Víkurbraut 46

**SANDGERÐI**  
 Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8  
 Mosfellsbær  
 Ísfugl ehf, Reykjavegi 36

**AKRANES**  
 Sementsverksmiðjan hf, Mánabraut 20

**STYKKISHÓLMUR**  
 Tindur ehf, Hjalatanga 10

**GRUNÐARFJÖRÐUR**  
 Ragnar og Ásgeir ehf, Sólvöllum 7

**HELLISSANDUR**  
 KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1  
 Kristinn SH-112, Háarfi 53

**ÍSAFIJÖRÐUR**  
 Alþjóðsamband Vestfjarða, Pólgötu 2  
 Félag járníðnaðarmanna, Pólgötu 2  
 KNH ehf, Grænagarði

**BOLUNGARVÍK**  
 Bakkavík hf, Hafnargötu 80-96  
 Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12

**SÚÐAVÍK**  
 Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

**PATREKSFJÖRÐUR**  
 Nanna ehf, v/Höfnina  
 Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

**TÁLKNAFJÖRÐUR**  
 Þórberg hf, Strandgötu

**BILDUDALUR**  
 GSG vörubílaakstur-trésmiði ehf, Kríubakka 4

**STAÐUR**  
 Verkaljósfélag Hróttfirðinga, Borðeyri

**BLÖNDUÓS**  
 Húnavatnshreppur, Húnavöllum  
 Iðnsveinafélag Húnvatninga, Þverbraut 1  
 Vélsmiðja Alla ehf, Efstabraut 2

**SAUÐÁRKRÓKUR**

Fisk - Seafood hf, Eyrarvegi 18  
 Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sæmundargötu 7  
 Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1  
 Varmahlíð  
 Akrahreppur Skagafirði

**AKUREYRI**  
 Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Óseyri 2  
 Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14  
 Kjarnafæði hf, Fjölinsgötu 1b  
 Lostæti ehf, Naustatanga 1  
 Samherji hf, Glerárgötu 30  
 Sjómannafélag Eyjafjarðar, Skipagötu 14  
 Slippurinn Akureyri ehf, Hjalteyrgötu 20  
 Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis, Skipagötu 14  
 Ólafsfjörður  
 Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Brekkugötu 9  
 Húsavík  
 G.P.G. fiskverkun ehf, Suðurgarði  
 Lindi ehf, Ketilsbraut 13

**LAUGAR**  
 Þingeyjarsveit, Kjarna

**ÞÓRSHÖFN**  
 Geir ehf, Sunnuvegi 3  
 Verkaljósfélag Þórshafnar, Langanesvegi 18

**VOPNAFIJÖRÐUR**  
 Sláturfélag Vopnfirðinga hf, Hafnarbyggð 6  
 Vopnafjarðarhreppur, Hamahlíð 15

**EGILSSTAÐIR**  
 Sólskógar ehf, Kaldá

**SEYÐISFJÖRÐUR**  
 Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

**ESKIFJÖRÐUR**  
 Eskja hf, Strandgötu 39

**FÁSKRÓÐSFJÖRÐUR**  
 Loðnurvinnslan hf, Skólavegi 59

**HÖFN Í HORNAFIRÐI**  
 Skinney - Þinganes hf, Krossey

**SELFOSS**  
 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35  
 Veitingastaðurinn Menam, Eyrarvegi 8

**HVERAGERÐI**  
 Eldhestar ehf, Völlum  
 Litla kaffistofan, Svínahrauni

**ÞORLÁKSHÖFN**  
 Auðbjörg ehf, Hafnarskeiði 17-19  
 Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6  
 Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1

**STOKKSEYRI**  
 Hásteinn ehf, Stjörnusteinum 12

**VÍK**  
 Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

**VESTMANNAEYJAR**  
 Frár ehf, Hásteinsvegi 49  
 Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28  
 Sjómannafélagið Jötunn, Skólavegi 21b



## Verkefnin eru mörg – krónurnar of fáar

Misrétti á Íslandi hefur farið vaxandi í skjóli frjálshyggju og einkavæðingar á gróða „íslenska efnahagsundursins“. Gróðinn var aldrei til og „undrið“ loftbóla. Nú er tapi einkavæðingar og sérhyggju velt á alþýðu fólks. Grun dvallargildi verkalýðshreyfingarinnar og félagshyggju eru í hættu. Árangur áratuga baráttu launafólks er stefnt í voða.

Þörf á samhentri verkalýðshreyfingu og skýrri forystu hefur aldrei verið meiri en nú. AFL Starfsgreinafélag er tilbúið til að standa í forystu baráttu launafólks og standa vörð um sjálfsögd mannréttindi allra þegna landsins.

Sendum samherjum okkar innan  
verkalýðshreyfingarinnar og öllu launafólki  
baráttukveðjur í tilefni dagsins.



*Til góðra verka!*